

Úr kennsluskrá Háskóla Íslands

Lag: Gilbert og Sullivan (Major general's song)

Ljóð: Höskuldur Þráinsson (sbr. Tom Lehrer: The elements)

Við kennum

landafræði, líffræði og lögfræði og hagfræði
og stjörnufræði, stærðfræði og stílfræði og bragfræði
og eðlisfræði, efnafræði, aflfræði og rúmfræði
og rekstarfræði, rökfræði og ritskýringu og tölfræði

og forritun og frumspeki og færeysku og graffræði
og bókfræði og bergfræði og barnamál og þjóðfræði
og hebresku og heimspeki og heilsugæslu og vistfræði
og guðfræði og gotnesku og geðhjúkrun og bitfræði.

Og jarðfræði og jöklafræði, jarðtækni og sálfræði
og sveiflufraði, siðfræði og sýklafræði og málfræði
og trúfræði og textafræði, tannvegsfræði og ljósfræði
og kröfurétt og kirkjusögu og kælitækni og sagnfræði.

Og haglýsingu, haffræði og hagsögu og ljóðagerð
og sífjarétt og sjúkranudd og sálgæslu og gómagerð
og Íslandssögu, algebru og efnisfræði og brúargerð
og lyfjafræði, læknisfræði, leikfimi og krónugerð

og erfðarétt og endurskoðun, örverufræði og latínu
og mállýskur og mannkynssögu, markaðsfærslu og rússnesku
og hafnargerð og hljóðfræði og húsagerð og íslensku
og ritþjálfun og réttarsögu, raftækni og forngrísku.

Og málvísindi, matvælafræði, mælitækni og kirkjurétt
og leikritun og liðlosun og líkindafræði og refsirétt
og stjórnsýslu og straumfræði og storkufræði og sífjarétt
og varmafræði, veirufræði, vatnafræði og skattarétt.

Og það er miklu fleira sem að kennararnir kenna,
þótt kjörin séu léleg, bara ef stúdentarnir nenna.